



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts - 18.3.2017 kl. 18:00

**Mætt:**

Einar Gunnlaugsson (EG), Baldvin Hansson (BH), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

**Fjarverandi:**

Torfi Arnarson (TA), Garðar Þór Garðarsson (GPB), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS)

ÞA ritaði fundargerð.

**1. Stjórn skiptir með sér verkum**

Samþykkt að RR verði varaformaður, JBJ gjaldkeri og HKS ritari.

**2. Reglur í rally**

Þórður Bragason kynnti nýjar og endurbættar rallyreglur og voru þær samþykktar. Rallyráð athugi að hafa breytingar á reglum tilbúna á réttum tíma. Flokkareglur verða skoðaðar nánar og ræddar á næsta fundi stjórnar.

**3. Slysaftrygging keppenda**

Athuga hvort ÍSÍ getur ráðlagt okkur um lögræðing til að skoða tilboð frá danskri tryggingarmiðlun.

**4. Reglur fyrir fjölmiðlafólk í akstursípróttum**

Í ljósi þess að hætta er jafn mikil fyrir aðila með leyfi til myndatöku frá félagi og leyfi frá AKÍS til myndbirtingar er samþykkt eftirfarandi lagfæring á texta:

**Hættur og bótaréttur**

Var: Þegar sótt er um leyfi til myndbirtingar skal aðili:

Verði: *Hvort sem aðili er með leyfi AKÍS til myndbirtingar eða fær leyfi keppnishaldara til myndatöku skal hann ætíð:*

**Hættusvæði**

Var: Aðili með leyfi til myndbirtingar á viðburði skal ætíð:

Verði: *Hvort sem aðili er með leyfi AKÍS til myndbirtingar eða fær leyfi keppnishaldara til myndatöku skal hann ætíð:*

**5. Verðlisti AKÍS**

Samþykkt tillaga um að skilagjald öryggisvesta þeirra sem hljóta leyfi til myndbirtinga verði kr. 4.000.



## 6. Leyfi til myndbirtingar

Samþykkt leyfi fyrir eftirfarandi

Brynja Rut Borgarsdóttir  
Sveinn Haraldsson

Ljósmyndir  
Ljósmyndir

Facebook  
Facebook

## 7. Málefni FIA-NEZ

Stjórnarfundur FIA-NEZ var haldinn 19. mars 2017 sjá [fundargerð hér](#).

Tveimur málum beint til stjórnar AKÍS:

- AKÍS styður tillögu sænska sambandsins um að leyfa fleiri en eina keppni í meistaramóti lands sem fari fram utan landamæra lands keppnishaldara.
- AKÍS er beðið um að leggja eina tillögu um málefni til afgreiðslu á Regional Sport Congress í haust. Afgreitt á næsta fundi stjórnar.

Jani Backman, formaður FIA-NEZ mun hætta sem formaður á fundinum næstkomandi haust. Ástæðan er sú að hann er að hætta vinnu sem framkvæmdastjóri finnska akstursíþróttasambandsins um leið og hann færir sig yfir í að stjórna Rally Finland.

## 8. Skipan keppnisráða

Samþykkt tillaga um að nýskipuð stjórn sendi á aðildarfélögin beiðni um að ánýja skipan í keppnisráð.

## 9. Þinggerð ársþings AKÍS

Samþykkt að bæta nýsamþykktum ársreikningi sem fylgiskjali í þinggerð.

Samþykkt að skoða gerð ársskýrslu fyrir næsta ársþing þar sem verði skýrsla stjórnar, ársreikningur og fleiri upplýsingar í líkingu við það sem önnur íþróttasambönd eru að gera.

## 10. Önnur mál

**Gistikostnaður** - Tillaga frá BA um að AKÍS greiði kostnað vegna gistingar stjórnarmanna utan af landi á ársþingi og formannafundi. Ákveðið að skoða hvernig önnur sérsambönd haga þessum málum.

**Félagsskírteini** - Hvernig félög haga útgáfu félagsskírteina verður rætt á næsta fundi.

## 11. Næsti fundur

4. apríl 2017 kl 12:00 - Fundarherbergi ÍSÍ